



4 t b l 3 9 á r g j ú n í 2 0 0 4

Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Nú er komið sumar

Nú eru félagsmenn hver af öðrum að hverfa úr vinnu í sumarfrí. Hér í Fréttabréfinu er félagsmönnum bent á að enn eru einhver orlofshús laus og hvetjum við félagsmenn til þess að hafa samband við félagið.

Hótelmiðar á Edduhótelin hafa verið mjög vinsælir síðustu ár enda er þetta gott tilboð. Þegar þetta er ritað er enn eftir eitthvað af miðum hjá félaginu.

Miklar framkvæmdir hafa verið í gangi á orlofssvæðum félagsins bæði í Munaðarnesi og á Úlfjótuvatni. Sagt er frá því inn í blaðinu.

Vinnustaðaheimsóknin að þessu sinni er í Vinnuskóla Reykjavíkur en leiðbeinendur þar eru loksins orðnir félagsmenn í St.Rv. en stóðu áður utan stéttarfélaga þannig að félagið býður þennan hóp nýrra félagsmanna velkominn í félagið.

Félagsmaður skrifar hugleiðingar um lýðræðið á baksíðu Fréttabréfsins.



bls.2

Starfsmat og fleira



bls.4-5

Heimsókn í Vinnuskóla Reykjavíkur



bls. 7

Úr félagsstarfinu



bls. 8

Lýðræði, einræði eða gerræði



Jakobína Þórðardóttir,
ritstjóri

Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
Útgefandi:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
Grettisgötu 89

105 Reykjavík

Sími: 525 8330 Fax: 525 8339

strv@bsrb.is

www.strv.bsrb.is

Ábyrgðarmaður: Sjófn Ingólfsdóttir

Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir

Ritnefnd: Guðjón Indriðason, Ragnhildur

Helgadóttir og Örn Erlendsson

Umbrot: Jakobína Þórðardóttir

Prófarkalestur Gunnar Ingi Jónsson

Hönnun: PJE ERR

Prentun: Hjá OSS ehf.

Mynd forsiðu: Bára

Stjórn St.Rv.

Formaður: Sjófn Ingólfsdóttir

Varaformaður: Jakobína Þórðardóttir

Gjaldkeri: Ása Clausen

Ritari: Garðar Hilmarsson

Meðstjórnendur:

Björn Arnórsson

Guðrún Árnadóttir

Guðrún Valdemarsdóttir

Jónas Engilbertsson

Pétur Frantzson

Víglundur Rúnar Jónsson

Þórdís Sigurðardóttir

Ágætu félagar!

Nú þegar orlofstíminn er genginn í garð er gaman að segja frá því að þær miklu framkvæmdir sem hafa verið bæði á orlofs-svæðinu á Úlfjótavatni og einnig í Munaðarnesi er nú að ljúka. Hitaveita er komin á bæði þessi svæði og búið er að koma heitum pottum við hvert hús.

Nokkrir af félagsmönnum okkar hafa lagt mikið af mörkum við að aðstoða við það að koma öllu í lag á Úlfjótavatni. Það hefur verið þrifið, skrúfuð saman húsgögn og ýmislegt það sem þarf að gera þegar slíkar stór framkvæmdir hafa verið í gangi. Þakka ber þessu frábærlega duglega fólki allt það sem það hefur lagt af mörkum.

Þessar framkvæmdir hafa auðvitað aukið mjög álag á umsjónarmönnum okkar bæði á Úlfjótavatni og í Munaðarnesi og þökkum við þeim fyrir að leggja á sig alla þá auka vinnu sem framkvæmdirnar hafa krafist.

taka í gegn eftir framkvæmdirnar þar. Framkvæmdir hafa dregist nokkuð og er ljóst að það mun verða erfitt að ná því að ganga frá öllu á svæðinu áður en leiga hefst 11. júní n.k.

Mikil vinna hefur verið undanfarið í sambandi við starfsmatið en viðtöl eru enn í fullum gangi. Senn fer að sjá fyrir endann á viðtölunum. Vænta má að það taki þó nokkurn tíma að vinna úr öllum gögnum og mikið starf er fyrir höndum hjá Starfsmatsnefndinni. Hæfnislauna-nefnd hefur unnið að því að gera reglur fyrir hæfnislaun b) og er að leggja lokahönd á sitt verk. Fyrirhugað er að halda námskeið fyrir þá yfirmenn sem eiga að meta hæfni einstakra starfsmanna.

Jakobína Þórðardóttir
ritstjóri

Hópur félagsmanna fór helgina 4.-6. júní upp í Munaðarnes og tók þátt í því að

Sumarferð deildar eftirlaunafólks

Nú er komið að árlegri sumarferð deildar eftirlaunafólks í St.Rv. Farið verður í tveggja daga ferð 23. og 24. júní nk. Ferðinni er heitið að Kirkjubæjarklaustri með viðkomu á áhugaverðum stöðum. Kvöldverður og gisting að Skógum. Óvæntar upptakomur verða áður en lagt verður af stað heim. Ferðin kostar 6.000 kr. innifalið er rúta, kvöldverður gisting og morgunverður.

Athugið takmarkaður fjöldi kemst í ferðina. Skráning í ferðina og allar nánari upplýsingar eru á skrifstofu félagsins

í síma: 525-8330

Ýmislegt gagnlegt um orlofsmál

Lengd orlofs

Lágmarksorlof skal vera 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður, sem unnið hefur hluta af fullu starfi eða hluta úr ári, skal fá orlof 16 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf.

Þegar starfsmaður í vaktavinnu fer í orlof, skal hann fá óyggjandi upplýsingar um, hvenær hann skuli mæta á vakt að orlofi loknu, og skal þá að jafnaði miða við, að vaktskrá haldist óbreytt.

Starfsmaður, sem náð hefur 30 ára aldri á því almanaksári, sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær að auki orlof, sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.

Starfsmaður, sem náð hefur 38 ára aldri fær enn að auki orlof, sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.

Orlofsfé, orlofsframlag og orlofsuppbót

Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur samkvæmt samningi þessum. Við 30 ára aldur skal hann fá 11,59%. Við 38 ára aldur skal hann fá 13,04%.

Lágmarksupphæð orlofsfjár fyrir fullt orlofsár skal nema 10% af máí mánaðarlaunum orlofstökuársins í 109. launaflokki, 5. þrepi. Lágmarksfjárhæð greiðist þeim sem eru í starfi við lok orlofsárs og raðast í launaflokk 127 eða neðar.

1. júní ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan fá

greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Hafi starfsmaður látið af starfi á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða (13 vikna) samfellt starf á orlofsárinu skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

Árið 2001	kr. 9.600
Árið 2002	kr. 9.900
Árið 2003	kr. 10.000
Árið 2004	kr. 10.200
Árið 2005	kr. 10.400

Orlofsárið

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

Sumarorlofstímabil

Tímabil sumarorlofs er frá 15. maí til 30. september.

Starfsmaður á rétt á að fá 160 vinnuskyldustunda orlof sitt á sumarorlofstímabili og allt að fullu orlofi á sama tíma verði því við komið vegna starfa stofnunarinnar.

Sé orlof eða hluti orlofs tekið eftir að sumarorlofstímabili lýkur, skal sá hluti orlofsins lengjast um 1/4. Það sama gildir um orlof sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil skv. beiðni stofnunar.

Ákvörðun orlofs

Yfirmaður ákveður í samráði við starfsmenn, hvenær orlof skuli veitt. Honum er skylt að verða við óskum starfsmanna um, hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Yfirmaður skal fá skriflegar óskir starfsmanna um orlofstöku og skal að lokinni könnun á vilja starfsmanna tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir upphaf sumarorlofstímabils, hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli. Vetrarorlof skal ákvarðað með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Veikindi í orlofi

Veikist starfsmaður í orlofi, telst sá tími, sem veikindum nemur, ekki til orlofs, enda tilkynni starfsmaður um veikindi án ástæðulausrar tafar og sanni með læknisvottorði, að hann geti ekki notið orlofs, ella verður það ekki tekið til greina.

Frestun orlofs

Lágmarksorlof er 192 vinnuskyldustundir. Nú tekur starfsmaður ekki það viðbótarorlof eitthvert ár, sem hann kann að eiga, skv. ósk yfirmanns, og á hann þá rétt á, með samþykki yfirmanns, að leggja saman viðbótarorlof þess árs við orlof næsta árs til orlofstöku síðara árið.

Áunninn orlofsréttur

Greiða skal dánarbúi áunninn orlofsrétt látiðs starfsmanns.

Langþráðir pottar komnir á sinn stað við húsin á Úlfjótssvatni

Nýjustu fréttir frá Úlfjótssvatni eru að nú er verið að leggja lokahönd á frágang eftir lagningu hitaveitu, umfangsmiklar endurbætur og breytingar á húsum og pöllum við húsin. Á myndinni má sjá að það er komið vatn í pottinn. Þannig að nú er að koma að því að svæðið verði allt opnað fyrir félagsmenn að njóta.

Opnunarhátíð var haldin síðastliðinn föstudag þar sem öllum þeim sem unnið hafa að verkinu voru þökkuð vel unnin störf.

Vignir og Aðalbjörg staðarhaldarar á Úlfjótssvatni hafa nú unnið þar í 10 ár og var þeim þakkað það góða starf sem þau hafa unnið.



Vinnustaðaheimsókn í Vinnuskóla Reykjavíkur



Starfsmenn á skrifstofu Vinnuskólans F.v. Guðjón Ragnar Jónsson launafulltrúi og í afleysingum sem leiðbeinandi, Lárus Ari Knútsson aðstoðarskólastjóri, Kristján Ólafur Smith, María Ingibjörg Ragnarsdóttir og Sigurrós Friðriksdóttir sem öll eru launafulltrúar.



Arnfinnur U. Jónsson er skólastjóri Vinnuskólans.



Ragnheiður Ásta Pétursdóttir er fræðslu- og upplýsingafulltrúi en Dofri Örn Guðlaugsson og Alda Sigrún Magnúsdóttir voru úti í bæ á fundi þegar Fréttabréfið bar að garði.

Arnmundur skólastjóri vinnuskólans tók á móti mér og sagði mér frá starfsemi og sögu Vinnuskólans.

Það eru starfandi 3 starfsmenn allt árið við undirbúning og skipulagsstörf fyrir vinnuskólann auk þess starfa tveir starfsmenn á þjónustumiðstöð allt árið.

En um þessar mundir eða í byrjun júní bætast við 220 starfsmenn sem eru leiðbeinendur vinnuskólans. Þeir byrja starfið með því að fara á öflugt fjögurra daga námskeið þar sem kenndur er verklegi þátturinn það er hvernig verkfæri eru notuð sú kennsla fer fram á vettvangi. Kennsluefnið á námskeiðinu fjallar einnig um það að starfa með unglíngum, skyndihjálp og fleira. Þeir sem starfa sem leiðbeinendur þurfa að vera orðnir 22 ára, margir af þeim sem ráðast til starfa eru háskólanemar og algengast er að þeir komi úr Kennaraháskólanum enda er þetta starf góður undirbúningur fyrir kennarastarfið.

Arnfinnur bendir á að það sé verið að taka á móti unglíngum sem séu gjarnan að fara í sitt fyrsta launaða starf því sé mikilvægt að leggja grunninn vel og kenna þeim hvernig á að vinna og rétta líkamsbeitingu við vinnuna. Vinnuskólinn leggur líka mikið upp úr því að allar vinnuáætlunir séu góðar, verkfæri í góðu lagi og vinnuumhverfi snyrtilegt og gott.

Miklar breytingar urðu í vinnuskólanum þegar reglur um vinnu ungmenna var innleidd hér en það eru lög frá ESB þar er kveðið á um vinnutíma og vinnuálag. Eftir að þessi lög tóku gildi hefur unglíngum fjölgað mjög í vinnuskólanum en í sumar er Vinnuskólinn í Reykjavík að taka á móti um 3.300 krökkum frá 14 til 16 ára. En þessi fjölgun unglínga sem sækja störf í Vinnuskólann segir Arnfinnur að sé vegna þess að bæði séu árgangarnir stórir og svo sé orðið erfiðara að fá vinnu á almenna vinnumarkaðinum fyrir svo unga krakka.

Vinnuskólinn var stofnaður 1951 og er því elsti vinnuskóli landsins en í dag reka öll stærri sveitarfélög vinnuskóla.

Markmiðin voru skýr strax frá stofnun vinnuskólans að þar ætti að fara fram kennsla um leið og unglíngarnir lærðu að vinna. Fréttabréfið þakkar fyrir góðar móttökur og óskar starfsmönnum alls hins besta í starfi sínu.



Hér eru leiðbeinendur nýkominir til starfa sem hefst á því að fara á 4 daga námskeið. Hér eru það leikir sem teknir eru fyrir.



Í upphafi var starfsemin þannig að skólinn var kynskiptur strákar og stelpur unnu ólík verk og launamunur var nokkuð mikill en breyting varð á því árið 1964 þá var ákveðið að greiða sömu laun fyrir stráka og stelpur.



Öflugt starf næsta vetur

Fræðslusetrið Starfsmennt, sem er samstarfsvettvangur starfsmannafélaga ríkisstarfsmanna, hefur staðið fyrir fjölbreyttu og kraftmiklu starfi á sviði þjálfunar og námskeiða síðan það hóf reglulega starfsemi árið 2002. Fjöldi námskeiða hefur verið í boði, auk þess sem að setrið hefur staðið fyrir ráðstefnum og hvatningarverkefnum á sviði starfsþróunar og þjálfunar.

Næsta vetur verður starfið kröftugra en nokkru sinni fyrr og viljum við hvetja félagsmenn til að nýta þau góðu tækifæri sem nú bjóðast. Hér á eftir koma stuttar kynningar á verkefnum og viljum við vekja athygli á því að allar upplýsingar ásamt umsóknareyðublöðum verða komnar inn á netið þann 11. júní (www.smennt.is).

Starfsnám stuðningsfulltrúa. Grunn- og framhaldsnám

Þessi eftirsóttu námskeið verða að sjálfsgöðu í boði nú sem endranær. Eins og áður er það Framvegis – miðstöð um símenntun, sem er samstarfsaðili setursins og hefur umsjón með náminu.

Rekspöður I og II

Þessi vinsælu námskeið verða í boði í Reykjavík, á Austurlandi og á Vestfjörðum. Þessi námskeið flokkast undir að vera almenn starfsnámskeið og eru afar eftirsótt. Það er Fræðsluver GG sem heldur utan um námskeiðin fyrir hönd Starfsmenntar, en fræðsluverið hefur gert það frá upphafi.

Framrás 1, 2 og 3

Framrásarnámskeiðin verða í boði í Reykjavík, á Austurlandi og á Norðurlandi. Það er fjöldi samstarfsaðila sem koma að þessum námskeiðum og má þar nefna Endurmenntun HÍ, Fræðslunet Austurlands, Fræðslumiðstöð Þingeyinga og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Námskeið þessi hafa einkum verið ætluð skrifstofufólki í opinberu starfi, en hafa einnig verið mjög vinsæl meðal annarra starfsmannahópa.

Vandað til verka

Þessi námskeið eru ætluð stjórnendum, verkstjórum og leiðbeinendum á vernduðum vinnustöðum. Námskeiðin eru unnin í samvinnu við Samtök um vinnu og verkþjálfun og fara fram í Reykjavík. Þátttakendur koma frá öllu landinu og nýtur námskeiðið mikilla vinsælda, þannig að þörf hefur verið á viðbótar námskeiðum.

Félagsliðanám

Nám þetta er í samstarfi við Borgarholtsskóla og er nám með vinnu (Brú). Þátttakendur útskrifast sem Félagsliðar frá framhaldsskóla. Mjög góður rómur er gerður að náminu en það tekur 4 annir í síðdegisnámi.

Nám fyrir hjúkrunar- og móttökuritarar

Hér er um nýtt nám að ræða og fer það fram í Fjölbrautaskólanum við Ármúla og útskrifast nemendur sem Hjúkrunar- og móttökuritarar. Hér er um nám með vinnu að ræða (Brú) og tekur það 2 annir í síðdegisnámi.

Þjálfun fyrir umsjónarmenn fasteigna

Starfsmennt hefur hafið samstarf við Iðntæknistofnun um rekstur á námi fyrir umsjónarmenn. Það samstarf skilaði námskeiði nú á vorönn sem var mjög vel sótt en næsta haust verður framhald í boði. Ætlunin er að samstarfið við Iðntæknistofnun skili full mótaðri námsbraut fyrir umsjónarmenn næsta haust.

Ráðgjafi að láni

Starfsmennt hefur verið með tilraunaverkefni í gangi sem kallað hefur verið „Ráðgjafi að láni“. Verkefnið gengur út á að aðstoða stofnanir við starfsþróunarmál og stefnumörkun í endur- og símenntun. Einkar vel hefur þótt takast til við verkefnið.

Starfsmannasamtöl

Fræðslusetrið hefur boðið þeim stofnunum sem þátt hafa tekið í „Ráðgjafa að láni“ að fá til sín námskeið og þjálfun í notkun starfsmannasamtala. Skemmst er frá því að segja að það verkefni hefur tekist vonum framár.

Járnsíða – skóli fyrir starfsmenn sýslumannsembættanna

Starfsmennt hefur nú um skeið verið með í undirbúningi heildstætt þjálfunarferli fyrir starfsmenn sýslumannsembættanna. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við stýrihóp frá sýslumönnum og starfsmönnum embættanna og er ráðgert að fyrstu verkefnið verði sett í gang strax næsta haust.

Nú er bara fyrir félagsmenn að nota tækifærið og skrá sig á námskeið. Munið að allar upplýsingar og umsóknareyðublöð verða komin á netið þann 11. júní. Heimasiðan er www.smennt.is.

Gleðilegt sumar og sjáumst endurnærð eftir sumarið, tilbúin á námskeiðin og í starfsþjálfunina!

Hvað þýðir breyting á starfsmannalögum fyrir þig?

BSRB, BHM og KÍ hafa sent frá sér sameiginlegt kynningarefni um frumvarp sem varðar réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Á Alþingi liggur fyrir frumvarp til laga um breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 (hér eftir kölluð starfsmannalögin) þar sem verið er að afnema grundvallarréttindi. Breytingin felur í sér að grafið er undan starfsöryggi ríkisstarfsmanna.

Ályktun

Sameiginlegur fundur aðildarfélaga BHM, BSRB og KÍ haldinn fimmtudaginn 13. maí 2004 mótmælir harðlega frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem nú liggur fyrir Alþingi og krefst þess að fjármálaráðherra dragi það til baka. Verði frumvarpið að lögum verður felld niður sú skylda forstöðumanns að

áminna starfsmann með formlegum hætti áður en til uppsagnar úr starfi kemur. Þar með geta duttlungar stjórnenda ráðið starfsörygginu.

Frumvarpið felur því í sér breytingar á grundvallarréttindum ríkisstarfsmanna hvað varðar starfsöryggi. Þessi breyting er í engu samræmi við nútímahugmyndir um samskipti vinnuveitenda og starfsmanna og litt til þess fallin að bæta starfsumhverfi ríkisstarfsmanna. Þvert á móti er verið að hverfa aftur til forn- eskjulegra stjórnarháttar þar sem geðþótti og einhliða hagsmunir húsbænda réðu.

Fundurinn bendir á að samtök opinberra starfsmanna hafa ítrekað óskað eftir því að samráðsleiðin verði farin svo breytingar á starfsmannalögunum séu unnar í sátt en fjármálaráðherra hefur daufheyrst við þeim óskum.

Með frumvarpi sínu ræðst fjármálaráðherra á eigin starfsmenn á ómálefna-

legan og ósanngjarnan hátt, torveldar með framgöngu sinni samskipti aðila og setur komandi kjarasamninga í upp-nám.

BHM, BSRB og KÍ

Vakin er athygli á því að frumvarpinu var aðeins frestað á vörþingi þannig að mikilvægt er að halda vöku sinni um málið því ljóst er að það verður dregið fram á næstkomandi haust þingi. Þó að þessi lög um réttindi og skyldur eigi aðeins við um hluta félagsmanna í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar er líklegt að þau muni hafa áhrif á borgarstarfsmenn inn í framtíðina. Réttindi og skyldur borgarstarfsmanna eru í kjarasamningi. Ekki er hægt að gera breytingar einhliða eða án þess að samningar náist um það.

Úr félagsstarfinu



Hluti fræðslunefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og SFR að störfum en hópurinn er að skipuleggja fræðslustarf félaganna. Hér er verið að skipuleggja námskeið og fyrirlestra sem ganga undir heitinu „gott að vita“ fyrir næsta haust. Á myndinni eru f.v. Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Jónas Engilbertsson og Ágúst Guðmundsson en þau eru fulltrúar St.Rv., Jóhanna Þórdórsd. fræðslustjóri SFR, Anna Atladóttir, Svala Norðdahl og Halldóra Þ. Ólafsdóttir, á myndina vantar Jakobínu Þórðardóttur sem er fræðslu- og upplýsingafulltrúi St.Rv en hún tók myndina.

Enn er hægt að fá orlofshús og íbúðir á leigu í sumar og miða á Edduhótel.

Hafið samband við skrifstofu félagsins því enn er hægt að fá leigða íbúð eða orlofshús í sumar. Að Úlfljótsvatni og í Munaðarnesi eru komnir heitir pottar við hvert hús og pallar hafa verið stækkaðir. Mikil endurnýjun hefur átt sér stað á húsunum við Úlfljótsvatn.

Félagsmenn hafa látið vel af því að vera í íbúð á Súðavík sem félagið hefur verið með á leigu undanfarin ár þar eru enn nokkrar vikur lausar í sumar.

Lýðræði, einræði eða gerræði

Við höldum því fram að við búum við lýðræði, en er það svo? Ætli orðin einræði eða gerræði, lýsi ekki betur því ástandi sem við búum við í dag. Orðabók útg. af Eddu 2002 lýsir hugtökunum þannig: ráðriki, þvermóðska, frekja, ofbeldi. Einnig stjórnarfar þar sem einn maður eða lítill hópur manna hefur öll völd í landinu.

Fyrir marga er þetta ástand nokkuð kunnuglegt. Hver kannast ekki við mörg dæmi þar sem forsætisráðherrann okkar virðist vera einræðisherra en ekki kjörinn. Eða ætti að byrja á borgarstjóranum. Í október 1988 fóru fram kosningar eða skoðanakönnun, eins og þessi skrípaleikur kallaðist, um hundahald í Reykjavík. Fyrirfram voru ekki sett nein skilyrði um þátttöku í kosningunum – ekkert lágmark var sett. Fyrirfram var ljóst að borgarstjóri bjóst við, eins og síðar kom í ljós, að þátttaka yrði dræm. Um 13% atkvæðisbærra manna greiddu atkvæði, þar af voru um 60% andvígir hundahaldi. Þessi óumdeilda niðurstaða varð þó ekki til þess að hundahald var bannað, borgarstjóri sá til þess, enda hundahaldari sjálfur. Þrátt fyrir algjört nei Reykvíkinga voru borgaryfirvöld óbundin af niðurstöðu kosninganna. Það vakti jafnvel furðu að fólk nennti yfirleitt að greiða atkvæði því það skipti ekki máli hver niðurstaðan yrði. Í þessum kosningum lá til grundvallar kjörskrá sem gildi við forsetakosningar sama ár. Á þessum tíma gagnrýndi Ingibjörg Sólrún Gísladóttir embættismenn borgarinnar og sagði þá haldna þrælsótta, það skipti ekki máli hvað gerðist, borgarstjórinn hefði þá hvort eð er í vasanum. Einræðistilburðir voru augljósir.

En víkjum að okkar tímum. Fræg eru dæmi um ráðriki forsætisráðherrans gegn almennum borgurum, embættismönnum og fyrirtækjum. Allir muna eftir því þegar Hallgrímur Helgason rithöfundur var kallaður á teppið hjá forsætisráðherra fyrir að hafa skrifað grein um „bláa höndina“. Hann kom svo nokkuð kokhraustur út af fundi með forsætisráðherra, en síðar upplýsti Hallgrímur að hann hefði verið dauðhræddur um að föður hans yrði sagt upp vinnu vegna málsins. Frægt er dæmið um Þjóðhagsstofnun sem var lögð niður í kjölfar óhagstæðrar þjóðhagsspár. Hvað skyldi gerast ef Veðurstofa Íslands birti það sem forsætisráðherra þætti óhagstæða veðurspá? Yrði hún ekki bara lögð niður?

Umboðsmaður alþingis fékk skömm í hattinn fyrir að gefa álit sitt á ráðningu frænda Davíðs, Ólafs Barkar í stöðu hæstaréttardómara. Málið snérist í raun um jafnréttismál þar sem að flestra álitu var hæfari umsækjanda hafnað. Gripið var til einfaldra útskýringa en þegar röksemdir um ráðninguna reyndust lítt handbærar var sagt að jafnréttislögin væru barn síns tíma og í raun óhæf til að byggja á, að minnsta kosti þegar frændi forsætisráðherra ætti í hlut. Við slíkar aðstæður gilda ekki lög og reglur heldur farið eftir geðþótta, jafnvel þó að um sé að ræða embætti hæstaréttardómara.

Umboðsmaður alþingis hefur sagt í Morgunblaðsgrein að almenningur og forsvarsmenn fyrirtækja segi að þeir geti ekki verið að kvarta, ef þeir geri það fái þeir eitthvað í bakkið. Við þessu sjónarmiði verður að gæta varhug. Stjórnsýslan má aldrei bregðast þannig við athugasemdum sem gerðar eru, þannig að borgararnir fái á tilfinninguna að þeim verði með einhverjum hætti refsað. Hér er augljóslega ekki neitt lýðræði, þetta er gerræði.

Fyrirtækið Baugur hefur svo sannarlega verið tekið fyrir eins og kunnugt er. Haft er eftir þingmanni Sjálfstæðisflokksins að á



Bláa höndin hefur verið til lengi. Áróðursseðill Sjálfstæðisflokks frá alþingiskosningum 1956 varðveittur á Borgarskjalasafni Reykjavíkur

síðasta ári hefði verið rætt í þingflokki Sjálfstæðisflokksins um ótilhlýðilegan vöxt Baugsveldisins og að ef ekki yrðu sett lög á það og umfang þess takmarkað yrði fyrirtækið svo stórt að ekki yrði við neitt ráðið. Hér virðist vera komin staðfesting á því að lögum um fjölmiðla var stefnt gegn einu fyrirtæki. Sem sagt það virðist vera að Baugur hafi verið að ógna einræðinu á Íslandi!

Fjölmiðlamálið hefur vakið almenning til umhugsunar. Bæði vegna offari forsætisráðherra og vegna þeirra óvæntu tíðinda að forseti Íslands neitaði að undirrita lögina. Nú var komið upp vandamál sem skyldi leysa. Málskotsrétt forsetans yrði að afnema svo hann gæti ekki skotið málum til ákvörðunar þjóðarinnar. Málið var svo mikilvægt að forsætisráðherra lagði það fram með stuttum fyrirvara fyrir Alþingi og þrýsti á afgreiðslu málsins. Eftir að forsetinn neitaði lögnum staðfestingar viðurkenndi forsætisráðherra að málskotsrétturinn væri vissulega til staðar en hann skildi ekki að honum væri beitt á slíkt smámál. Í umræðu um hvort setja ætti skilyrði um kosningaþátttöku vísaði hann til R-listans og atkvæðagreiðslu borgarbúa um flugvöllinn og talaði um að þá hafi verið krafist 75% kosningaþátttöku, um slíkt smámál, hvort ekki væri þá rétt að krefjast hins sama um slíkt stórmál sem fjölmiðlalögin væru. Smámál verður að stórmáli og stórmál að smámáli, allt eftir því hvað forsætisráðherra hentar hverju sinni.

Kosningarnar um hundahald og flugvöllinn eru ekki alveg sambærilegar. Þegar borgarstjórinn 1988 leggur mál fyrir kjósendur er ekki sett neitt lágmark þeirra er neyta atkvæðisréttar. Hins vegar á að heimta 75% þátttöku nú. Hvernig væri að taka kosningarnar 1988 til fyrirmyndar og hafa ekkert lágmark, meirihlutinn ræður. Þá getum við sagt að hér sé lýðræði.